

um vanrækslu dómara í því að taka Helgavatn á skrá yfir ættarjarðir, og með því að hann hefur eigi sýnt fram á, hver nauðsyn honum er að leiða dómarann sem vitni í málinu, verður krafa hans um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. október 1955.

Nr. 93/1955. Skipaútgerð ríkisins (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Hafnarsjóði Vestmannaeyja
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Innheimta hafnargjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1955 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um lögtaksgerð og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér-aði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjar nr. 79/1950, sem stoð hefur í 9. gr. laga nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur, segir, að öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skuli, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, „eins og hér segir“. Af þessu upphafsákvæði greinarnnar, sem þannig vísar til staflíða a—c síðar í greininni, má örugglega ráða, að átt er

við Innrihöfnina með orðunum „til hafnarinnar“ í staflíð a, „frá höfninni“ í staflíð b og „um höfnina“ í staflíð c. Er því stefnda rétt að heimta gjald samkvæmt staflíðum a og b nefndrar greinar af aðkomuskipum, sem koma inn á Innrihöfn. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Hafnarsjóði Vestmannaeyja, málskostnað í Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 2. júní 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Jón Hjaltason hdl. f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara hjá gerðarþola í máli þessu, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, til tryggingar ógreiddum skipagjöldum til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, að upphæð kr. 40.168.90, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og alls kostnaðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjar nr. 79 27. apríl 1950 skulu öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfnina, greiða hafnsögugjöld samkvæmt nánari reglum, sem þar er lýst. Hafnargjöldin voru hækkuð um 100% með reglugerð nr. 62 frá 9. apríl 1953. Skip gerðarþola hafa árum saman haft viðkomu í Vestmannaeyjum, og hefur gerðarþoli greitt hafnsögugjöld og önnur skipagjöld fyrir skip sín samkvæmt nefndum reglugerðum fram til 15. september 1954. Með bréfi til gerðarbeiðanda, dags. 3. desember 1953, mótmælti gerðarþoli nefndri hækkun á hafnsögugjaldinu og fór fram á það, að gerðarbeiðandi endurgreiddi sér kr. 24.683.20, sem gerðarþoli taldi sig hafa ofgreitt í hafnsögugjöld fram til 30. september 1953. Gerðarbeiðandi synjaði þessari málaleitun með bréfi til gerðarþola, dags. 19. janúar 1954. Þann 16. október 1954 tilkynnti afgreiðslumaður gerðarþola hér gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hefði lagt svo fyrir, að engin gjöld skyldu greidd til gerðarbeiðanda fyrir skip gerðarþola, meðan deilan um hafnsögugjaldið væri óleyst. Þar sem gerðarþoli þannig hefur ekki greitt nein gjöld

af skipum sínum til gerðarbeiðanda frá 15. september 1954, þótt þau hafi hér áfram viðkomu á ferðum sínum, hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að gjöld þessi verði innheimt með lögtaki.

Mótmæli sín gegn gerð þessari byggir gerðarþoli á því, að hafnsögugjöld þau, sem honum sé gert að greiða fyrir skip sín til Vestmannaeyjarhafnar, séu ranglega reiknuð eftir stafliðum a og b 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 62/1953, í stað þess að þau beri að reikna eftir staflið c nefndrar greinar. Gerðarþoli telur sig hafa ofgreitt gerðarbeiðanda kr. 82.339.80 vegna hafnsögugjalda fyrir skip sín á tímabilinu 1. apríl 1953 til 29. september 1954. Krafa gerðarbeiðanda er að upphæð kr. 40.168.90, og kveður gerðarþoli gerðarbeiðanda því skulda sér mismuninn, eða kr. 42.170.90. Gerðarþoli kveður skip sín venjulega taka hafnsögumann á Ytrihöfninni, og beri því að reikna hafnsögugjöldin eftir staflið c 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, sem mælir fyrir um gjald fyrir hafnsögu innan hafnar, í stað þess að hafnsögugjöldin hafa verið reiknuð eftir stafliðum a og b, eins og að framan segir. Stafliðir a og b kveða á um hafnsögugjöld fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá henni, og verða hafnsögugjöldin miklu hærri, séu þau reiknuð eftir þessum stafliðum í stað stafliðs c.

Gerðarþoli hefur lagt fram í málinu afrit af bréfi vita- og hafnarmálastjóra hr. Emils Jónssonar til Samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1954, þar sem vitamálastjóri lætur það álit í ljós, að umrædd hafnsögugjöld beri að reikna eftir staflið c 20. gr. nefndrar reglugerðar, þar eð skip gerðarþola taki venjulega hafnsögumann á Ytrihöfn innan takmarkalínu hafnarinnar, sem er bein lína úr Klettsnefi í Sigurðar-Röngu. Þá heldur gerðarþoli því fram, að gjaldskrárnar fyrir hafnsögugjöld hjá Vestmannaeyja- og Reykjavíkurhöfn, séu svo til samhljóða, og eigi framkvæmd þeirra því að vera eins, en í Reykjavík kveður gerðarþoli hafnsögugjöldin alltaf vera reiknuð eftir staflið c 41. gr. hafnarreglugerðar fyrir Reykjavíkurhöfn nr. 47 8. apríl 1949, en sú grein er hliðstæð 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79 27. apríl 1950.

Gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að orðalagið „til hafnarinnar“ og „frá höfninni“ í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 hafi alltaf verið skilið svo sem þar stæði „til Innrihafnarinnar“ og „frá Innrihöfninni“. Kveður gerðarbeiðandi hafnsögugjöldin jafnan hafa verið reiknuð þannig, frá því að reglugerð um hafnsögugjöld var fyrst sett árið 1926. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram vottorð frá skipaafgreiðslu Gunnars Ólafssonar & Co. og Tómasar M. Guðjónssonar, þar sem það er staðfest, að hafnsögugjöld af skipum þeim, er skipaafgreiðslur þessar hafa afgreitt, hafi ávallt verið reiknuð eins og stafliðir a og b 20. gr. núverandi hafnarreglugerðar segja til um. Þá hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að þar sem í upphafi 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 segir: „Öll aðkomuskip, sem

fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald ...“, verði það leitt, að þar sem talað er um „höfnina“ í 20. gr. reglugerðarinnar, sé eingöngu átt við Innrihöfnina. Gerðarbeiðandi hefur enn fremur mótmælt því, að hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn nr. 47/1949 og hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950 séu öldungis hliðstæðar og beri því að skýrast eins. Bendir gerðarbeiðandi á, að orðalag 41. gr. reglugerðar nr. 47/1949, sem er hliðstæð 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, sé annað en í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, og verði greinir þessar því ekki skýrðar eins. Gerðarbeiðandi kveðst og á sömu forsendum mótmæla álitum því frá vita- og hafnarmálastjóra, sem lagt hefur verið fram í málinu. Þá hefur gerðarbeiðandi bent á, að gerðarþoli hafi alltaf greitt hafnsögugjöld fyrir skip sín til gerðarbeiðanda athugasemdalega og ekki mótmælt því, hversu þau hafa verið reiknuð, fyrr en nokkru eftir umrædda 100% hækkun þeirra. Loks er því haldið fram af gerðarbeiðanda, að væru hafnsögugjöldin innheimt eftir staflíð c 20. gr. og reglugerðar nr. 79/1950, eins og krafist er af gerðarþola, myndu hafnsögugjöldin raunverulega verða 22% lægri nú en þau voru fyrir umrædda hækkun, reiknuð eftir staflíðum a og b 20. gr., og telur gerðarbeiðandi óhugsandi, að staðfesting ráðuneytisins á tilmælum hafnarnefndar Vestmannaeyja um 100% hækkun hafnsögugjalda geti í framkvæmd verkað sem 22% lækkun á gjöldunum.

Samkvæmt 1. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79 frá 27. apríl 1950 skiptist Vestmannaeyjahöfn í Innrihöfn, Ytrihöfn og Hafnarlegu. Innrihöfn er svæðið innan skjólgarðanna á Hringskeri og Hörgseyri. Ytrihöfn takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Yztakletti og Klettsnefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku, sem er örnefni rétt við Urðavita. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar. Hafnarreglugerð var fyrst sett fyrir Vestmannaeyjahöfn með reglugerð nr. 104 frá 11. desember 1920. Í þeirri reglugerð voru engin ákvæði um hafnsögugjöld. Með reglugerð nr. 70 30. ágúst 1926 voru fyrst sett ákvæði um hafnsögugjöld, sbr. 18. gr., en þar segir í staflíð a: „að öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald.“ Með augl. nr. 6 6. janúar 1950 var orðalagi 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 breytt og greinin orðuð eins og 20. gr. núgildandi reglugerðar nr. 79/1950. Rétturinn lítur svo á, að a-liður 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 verði ekki skilin á annan veg en þann, að með orðalaginu „til hafnarinnar og frá“, sé eingöngu átt við Innrihöfnina, enda er í b-lið sömu greinar tekið sérstaklega fram, að skip, sem þurfi aðstoð hafnsögumanns á Ytrihöfn, Hafnarlegu og annars staðar kringum Eyjarnar, skuli greiða helmingi minna gjald en undir staflíð a, og þannig var reglugerðin framkvæmd, meðan hún var í gildi. Í 20. gr. núgildandi hafnarreglugerðar nr. 79/1950, sem kemur í stað 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926, er sama

orðalag á upphafi 20. gr. og var á 18. gr., en í a-lið 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 eru ákvæði um gjald „fyrir leiðsögu til hafnarinnar“, en í b-lið ákvæði um hafnsögugjald „fyrir leiðsögu frá höfninni“. Hins vegar er ekki tekið upp í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 ákvæði b-liðs 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 um hafnsögugjald fyrir aðstoð veitta skipum á Ytrihöfn. Að áliti réttarins verður ekki séð, að tilætlunin hafi verið sú með setningu reglugerðar nr. 79/1950 að breyta grundvelli þeim, sem reglurnar um hafnsögugjöld fyrir leiðsögu til og frá höfninni hafa hingað til byggzt á. Rétturinn lítur því svo á, að með hliðsjón af orðalagi 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 og því, hvernig ákvæði greinarinnar voru túlkuð, meðan hún var í gildi, svo og að öðru leyti með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, verði að skýra 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 á þá lund, að með orðalagiinu „leiðsaga til hafnarinnar“, „leiðsaga frá höfninni“ og „leiðsaga um höfnina“ sé átt við leiðsögu til, frá og um Innrihöfnina, og sé gerðarbeiðanda því heimilt að reikna hafnsögugjöld fyrir aðkomuskip, sem koma inn á Innrihöfn, samkvæmt a- og b-liðum 20. gr. nefndrar reglugerðar. Þá lítur rétturinn svo á, að hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950 og hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn verði ekki skýrðar og framkvæmdar á sama hátt, þegar af þeirri ástæðu, að þær eru ekki samhljóða. Samkvæmt framanrituðu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lög-taksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 1500.00 kr. í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Skipaútgærð ríkisins, Reykjavík, greiði gerðarbeiðanda, Jóni Hjaltasyni hdl., f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.